

## 5. stjórnarfundur

### FORMA 2013 – 2014

Dags. 9/1 2014

Tími: kl. 17.00.

Staður: Kennarastofa

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Harpa Hjarðar, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophoníasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Marías Kristjánsson, Þuríður Árnadóttir.

1. Eydís sagði í stuttu máli frá fundi sem hún fór á hjá SAMTAKA s.l. þriðjudag. Ekkert var rætt um fræðslu fyrir foreldra en ýmislegt annað bar á góma. Þar má nefna nágranna- hverfis- og miðbæjarrölt en mjög misjafnt er hversu virkir foreldrar skólanna eru í þessu starfi.
2. Gengið var frá bréfi til foreldra nemenda í 1. bekk vegna busa/böðlapartýa. Herdís mun sjá um að bréfið verði sent í lok prófatíðar.
3. Stærðfræðimálið. Tölur liggja fyrir um fjölda nemenda á raungreinasviði og tungmála og félagsfræði sviði. Ný námskrá tók gildi árið 2010. Svo virðist sem þá hefjist óeðlileg tilfærsla, að okkur mati, nemenda af raungreinasviði og yfir á mála- og félagsfræðisvið eða að nemendur hætti í skólanum. Tilgangur nýju námskrárinnar var að búa til tvö spennandi svið við Menntaskólann á Akureyri sem væru jafngild og jafnerfið. Þarna virðist vera pottur brotinn því nemendur virðast vera að flýja af raungreinasviði vegna álagsins þar og þá í stærðfræðinni sérstaklega.

Eyrún leggur áherslu á að við einblínum á mikilvægi þess að viðhalda áhuga nemendanna. Það veltur á þeim kennsluáferðunum sem boðið er upp á. Að þær séu spennandi og nái til nemendanna.

Valgerður S. Bjarnadóttir hefur verið að endurskoða nýju námskrána og mun kynna niðurstöður sínar á kennarafundi 31.jan. Skólaráð, skólastjórn, kennarar og fulltrúar Forma verða síðan boðaðir á fund þar sem niðurstöður verða kynntar.

Ekki er hægt að álykta frekar eins og staðan er.

Stefnt er að næsta fundi í byrjun febrúar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18.15

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.